

Nemendaverndarráð

Skípað er í nemendaverndarráð í byrjun skólaárs. Samstarfsaðilar okkar utan skólans eru frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, auk hjúkrunarfræðings skólans. Ráðið tekur fyrir málefni nemenda eftir því sem þörf er á hverju sinni.

Í nemendaverndarráði Tjarnarskóla 2013-2014 eru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri.

Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, kennari (sér um sérkennslu).

Ásdís Eckhardt, skólahjúkrunarfræðingur.

Benedikt Jóhannsson sálfræðingur, fulltrúi frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Sálfræðiþjónusta - greiningavinna

Kennarahópurinn er ávallt vakandi fyrir líðan og góðri námsframvindu nemenda í skólanum. Ef kennarahópurinn metur það svo að leita þurfi viðbótarúrræða sem geti styrkt stöðu nemandans enn frekar er málið rætt á kennarafundi. Í sumum tilvikum er leitað beint til fagaðila en oftast er málið tekið fyrir í nemendaverndarráði og óskað eftir aðkomu fagaðila á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.